

NÁMSGREIN: SAMFÉLAGSFRÆÐI

KENNSLUYFIRLIT – 3. BEKKUR

Kennsluhættir: Þrjár kennslustundir á viku. Umræður, innlög, hópavinna, paravinna og tjáning

Námsþættir: Unnið er með gildi jákvæðrar hugsunar, að orð og athafnir hafa afleiðingar. Unnið er með virðingu og gildi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Að geta sett sig í spor jafnaldra. Að nemendur geti tekið tekið þátt í samstarfi og samræði í jafningjahópi. Að geta sýnt virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. Að nemandi geti sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og síðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.

Nemendur kanna sitt nánasta umhverfi og vinna með áttir og geti gert einföld verkefni sem reyna meðal annars á kortalestur, lestur á myndritum, skilningi á áttum, hnítum og mælingum.

Námsmat: leiðsagnarnám, einstaklingsverkefni, hópverkefni og kannanir.

Námsgögn: Halló heimur 1, Könnun kortin 2, Góða ferð, Jólasaga auk efnis frá kennara.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Lota 1.	Hugarheimur	Innlögn, hópavinna, paravinna og tjáning. Lestur og umræða. Orðaskýringar	Geta sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima. Geta áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig. Geta fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- nærsamfélagi. Geta áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis. Geta gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur. Geta sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt. Geta áttað sig á kostnaði við eigin reynslu og muninum á þörfum og löngun.	Leiðsagnarmat	Fyrirmyndir, sjálfsmynd, Samkennd, manneskja, vinátta, einelti, samvinna, svefn, úthvöld, næring, orka, fjölbreytt, hreinlæti, sýklar, hreyfing, stirðleiki, liðugt, orkumikið, ólík, sammála, ósammála, vinátta.
Lota 2.	Reynsluheimur	Innlögn, hópavinna, paravinna og tjáning. Lestur og umræða. Orðaskýringar.	Getur áttað sig á hlutverki og notagildi landakorta og ratað með hjálp einfaldra korta. Geta lýst því hvernig matvæli og fót verða til og hvar þau enda. Geta gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um vernd og náttúrunnar. Geta nefnt dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks.	Leiðsagnarmat	Landakort, götukort, áttaviti, norður, suður, vestur, austur. Skólabyrjun, dagatal, mánudir, ár. Nesti, nauðsynjar, verslunarmiðstöð, pósthús, banki.

			Gera nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.		Hringvegurinn, vegalengdir, kortalykil, Veður, veðurkort, heiðskírt, alskýjað.
Lota 3.	Félagsheimur	Innlögn, hópavinna, paravinna og tjáning. Lestur og umræða. Orðaskýringar.	Geta sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrir tilgang þeirra. Geta bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nærsamfélagi. Geta þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu. Geta rætt um réttindi og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Geta sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins. Geta áttað sig á mikilvægi samhjálpur í samfélaginu. Geta tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópu og innan fjölskyldunnar.	Leiðsagnarmat	Skólareglur, bekkjarsáttmáli, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, samhjálp. Mistök, kurteisi, fyrirgefning, tillitsemi, umhyggja, samvinna.
Lota 4.	Jólin Saga	Innlögn, hópavinna, paravinna og tjáning. Lestur og umræða. Orðaskýringar.	Geta velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni. Geta sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu. Geta spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. Geta nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands. Geta fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann. Geta uppgvötað og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar. Geta komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímana rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga. Geta greint upplýsingar og ólíkar skoðanir út völdum heimildum og myndað sér eigin skoðun.	Leiðsagnarmat	Venjur, siðir, trúarbrögð, lífsviðhorf, hátíð, málefni, nærsamfélag. Saga, fortíð, nútíð, framtíð, heimabyggð, umhverfi einkenni, mannlíf, umhverfi.